

## SAMÞYKKT

### um stjórn hreppsmálefna Patrekshrepps.

#### I. KAFLI.

#### Um skipun hreppsnefndar og verkefni hennar.

##### 1. gr.

Hreppsnefnd Patrekshrepps skal skipuð sjö hreppsnefndarmönnum kjörnum skv. lögum nr. 5/1962.

##### 2. gr.

Hreppsnefnd er almennt í fyrirsvari fyrir Patrekshrepp og skal engu máli, er varðar sérstaklega hagsmuni hreppsins, til lykta ráðið án umsagnar hreppsnefndar.

Hreppsnefnd ber að gæta hagsmuna hreppsins í hvívetna og annast þau viðfangsefni sem henni eru fengin í lögum og reglugerðum, svo og málefni sem henni eru fengin í samþykktum er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti.

Meginverkefni hreppsnefndar eru þessi:

a. Hreppsnefnd fer með yfirstjórn á fjárreiðum hreppsins.

1) Hún skal fyrir lok desembermánaðar hvert ár gera áætlun um tekjur og gjöld hreppsins fyrir næsta reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal í meginatriðum greina hvernig fjárveiting til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hagað, sbr. B-lið og enn fremur hvernig áætlaðar tekjur skiptast.

2) Hún skal hafa yfirumsjón með fjárstjórn hreppsins, með því að tekjur skuli innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er fjárhagsáætlun. Eigi má greiða fé úr hreppssjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun hreppsins og/eða hreppsstofnana eða með annarri ákvörðun hreppsins. Enn fremur að eignir hreppsins séu tryggilega varðveittar.

3) Hún skal leggja fullnaðarúrskurð á ársreikninga hreppsins eigi síðar en 31. mars ár hvert.

b. Hreppsnefnd hefur yfirstjórn verklegra framkvæmda hreppsins. Í fjárhagsáætlun kveður hún á um, hvernig verklegum framkvæmdum skuli hagað í meginatriðum á fjárhagsárinu. Hún getur og gert heildaráætlun um framkvæmd tiltekinna verkefna, er taka yfir lengri tíma, svo og einstök verk eftir því sem ástæða þykir til.

c. Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra, og kýs nefndir eftir því sem segir í reglugerð þessari eða öðrum samþykktum, svo og endurskoðendur reikninga hreppsins. Enn fremur skipar hún fasta starfsmenn skv. þeim reglum, sem um getur í 38. gr. og semur um laun þeirra.

d. Hreppsnefnd setur reglur um stjórn hreppsmálefna og reglur um meðferð tiltekinna málefna hreppsins, ákveður lóðarleigu, gjaldskrár hreppsfyrirtækja, eftir því sem þörf krefur o. s. frv.

## II. KAFLI.

**Fundarsköp hreppsnefndar.**

## 3. gr.

Á fyrsta fundi hreppsnefndar að loknum sveitarstjórnarkosningum, kýs hún sér oddvita og varaoddvita og fer um kosningu þeirra og starfstíma eftir gildandi sveitarstjórnarlögum.

Aldursforseti sveitarstjórnar stýrir fyrsta fundi hreppsnefndar þar til kjöri oddvita er lokið.

## 4. gr.

Oddviti stjórnar umræðum á fundum hennar. Hann sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í fundargerðabók, og allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta.

Oddviti sér um að allt fari löglega fram og skipulega á fundum hreppsins. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum skv. samþykkt þessari, en skjóta má úrskurði hans undir úrlausn hreppsnefndar ef vafi leikur á um skilning fundarskapa.

## 5. gr.

Hreppsnefnd ræður sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar, sem sér um færslu gerðabókar og hefur oddviti eftirlit með því að rétt sé fært til bókar.

Í gerðabók skal skráð hvar og hvenær fundur sé haldinn, hverjir sitja fundinn, töluröð hreppsnefndarfunda, svo og hver sé fundarritari og einnig það sem oddvitinn vill láta til bókar færa, þótt ekki sé til getið í dagskrá fundarins.

Í fundarlök skal lesa upp gerðabók og skulu allir viðstaddir hreppsnefndarmenn undirrita hana.

Hver hreppsnefndarmaður, sem eigi er sammála hinum á rétt á því að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina. Heimilt er að fresta lestri gerðabókar til næsta fundar hreppsnefndar, en þá skal afrit fundargerðar sent hreppsnefndarmönnum innan viku og þeir fá viku frest til að koma á framfæri athugasemdum.

## 6. gr.

Hreppsnefnd heldur fundi einu sinni í mánuði nema í júlí og ágúst. Reglulegir fundardagar og fundartími skal ákveðinn í byrjun hvers kjörtímabils.

Aukafundi skal halda samkvæmt ákvörðun hreppsráðs, oddvita, sveitarstjóra eða ef tveir hreppsnefndarmenn hið fæsta krefjast þess.

Sveitarstjóri boðar fundi hreppsnefndar.

## 7. gr.

Sveitarstjóri og oddviti semja dagskrá hreppsnefndarfundar.

Á dagskrá skal taka:

- 1) Fundargerð hreppsráðs og annarra lögmætra nefnda, sem þurfa kunna staðfestingar hreppsnefndar á ályktunum sínum.
- 2) Hvert það mál, sem fellur undir verksvið hreppsnefndar skv. 2. gr. sbr. og 10. gr. laga nr. 58/1961, enda sé þess óskað að hreppsnefnd, hreppsráði, lögmætri nefnd eða hreppsnefndarmanni, að málið sé á dagskrá tekið.
- 3) Lögmætar kosningar nefnda og starfsmanna, svo og hvert það málefni annað, sem hreppsnefnd á að fjalla um að lögum. Sá, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndar, skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu, fyrirspurn eða stuttri greinargerð eigi síðar en 4 dögum fyrir hreppsnefndarfund. Sveitarstjóri skal í síðasta lagi 2 dögum fyrir boðaðan hreppsnefndarfund hafa

sent öllum hreppsnefndarmönnum og a. m. k. jafnmörgum varahreppsnefndarmönnum dagskrá næsta hreppsnefndarfundar.

Í dagskrá skal tilgreina fundarstað og tíma, þær fundargerðir sem fyrir fundi liggja, tillögur, sem fram hafa komið, og gera í stuttu máli grein fyrir þeim málum öðrum sem um skal fjallað. Fylgja skulu eftirrit fundargerða, tillagna, afrita af skýrslum og athugasemdir endurskoðenda svo og annarra gagna, sem geta til upplýsinga orðið um málefni á dagskrá.

Ef ákveðinn verður aukafundur skv. 3. mgr. 6. gr. skal að jafnaði til hans boðað með dagskrá, sem send verði hreppsnefndarmönnum og varahreppsnefndarmönnum með 24 klst. fyrirvara.

Heimilt er þó að boða fund með styttri fyrirvara ef aðkallandi mál bíður afgreiðslu enda sé þess getið með fundarboðum, hvaða mál sé á dagskrá.

Mál skulu afgreidd í þeirri röð sem dagskrá segir nema hreppsnefnd ákveði að önnur röð sé höfð.

Heimilt er að taka mál á dagskrá þótt ekki sé þess getið í fundarboði enda samþykki meirihluti viðstaddra hreppsnefndarmanna þau afbrigði.

#### 8. gr.

Hreppsnefndarfundur skal auglýsa á sama hátt og venja er til um opinberar auglýsingar í hreppnum a. m. k. með 24 klst. fyrirvara.

#### 9. gr.

Hreppsnefndarfundur skal halda í heyranda hljóði. Hreppsnefnd getur þó ákveðið að ræða einstök mál fyrir luktum dyrum, t. d. einkamál manna, eða mál, sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins að rædd séu fyrir luktum dyrum.

Ef tillaga kemur fram um það að mál skuli rætt fyrir luktum dyrum skal úr því skorið með atkvæðagreiðslu án umræðna.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður fyrir luktum dyrum.

Ef áheyrandi á hreppsnefndarfundu raskar fundarfriði getur oddviti látið vísa honum út.

#### 10. gr.

Hreppsnefnd getur enga bindandi ályktun gert nema meira en helmingur hreppsnefndarmanna sé viðstaddur á fundi. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála nema annað sé sérstaklega áskilið í samþykkt þessari.

Sveitarstjóri og hver hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frestunartillögu eða frávisunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er og hreppsnefnd á úrskurðarvald um. Skulu slíkar tillögur vera skriflegar.

Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og móti fellur það nema við kosningu þá ræður hlutkesti.

Mál má afgreiða með því að samþykkja eða fella, vísa því frá með einfaldari eða rökstuddri dagskrá, vísa því til afgreiðslu sveitarstjóra, nefnda eða með því að fresta því.

Oddviti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslu um tilhögun skal hagað.

#### 11. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál við eina umræðu nema hina árlegu fjárhagsáætlun, ársreikninga og reglugerðir sem hljóta skulu staðfestingar ráðherra.

Um þessi mál skulu fara fram tvær umræður og líða ein vika það skemmsta milli umræðna.

## 12. gr.

Atkvæðagreiðsla fer þannig fram, að hreppsnefndarmaður réttir upp hönd. Nafnakall eða skrifleg atkvæðagreiðsla skal viðhöfð ef oddviti ákveður, sveitarstjóri óskar eða tveir hreppsnefndarmenn hið fæsta.

Við nafnakall er hreppsnefndarmanni skylt að greiða atkvæði nema hann færi rök fyrir undanfærslu sinni er oddviti metur gild. Ef hreppsnefndarmaður vill ekki una úrskurði oddvita má hann skjóta úrskurðinum til hreppsnefndar, sem sker úr án umræðna.

## 13. gr.

Hver hreppsnefndarmaður sem vill taka til máls á hreppsnefndarfundi, skal óska heimildar oddvita.

Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu ef um er að ræða sveitarstjóra eða framsögumenn svo og hreppsnefndarmann sem gera vill stutta athugasemd eða leiðrétta ummæli um sjálfan sig.

Ef tveir eða fleiri hafa kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður oddviti í hvaða röð þeir tala.

Hreppsnefnd getur heimilað, ef 4 hreppsnefndarmenn samþykkja að maður utan hreppsnefndar megi tala á hreppsnefndarfundum, en skylt skal honum þá að gæta í hvívetna fundarskapa.

## 14. gr.

Framsögumaður eða flutningsmaður tillögu má tala þrisvar við hverja umræðu máls, en aðrir hreppsnefndarmenn tvisvar, er þó heimilt að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða gera stutta athugasemd.

Sveitarstjóri, sem ekki er jafnframt hreppsnefndarmaður, skal hafa málfrelsi á hreppsnefndarfundum til jafns við hreppsnefndarmenn.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita.

## 15. gr.

Ef oddviti telur umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt til að umræðutími hvers hreppsnefndarmanns megi ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd eða umræðum hætt.

Þá getur oddviti, hvenær sem er, lagt til að umræðum skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu svo að hún standi skemur en tvo tíma meðan nokkur hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs.

Hreppsnefnd afgreiðir tillögur oddvita sbr. 1. og 2. mgr. umræðulaust.

Hver hreppsnefndarmaður getur borið fram slíka tillögu og skal hún einnig afgreidd umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun á ræðutíma eiga ekki við þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun.

## 16. gr.

Skylt er hreppsnefndarmanni að lúta valdi oddvita í hvívetna er að því lýtur að gætt sé góðrar reglu.

Ef hreppsnefndarmaður ber aðra menn brigslum eða víkur verulega frá umræðuefninu skal oddviti víta hann. Ef hreppsnefndarmaður er víttur tvisvar á sama fundi getur oddviti lagt til við hreppsnefnd að hann verði sviptur málfrelsi það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef hreppsnefndarmaður hlýðnast ekki úrskurði hreppsnefndar eða almenn óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur fresta eða slíta fundi.

## 17. gr.

Hreppsnefnd getur ákveðið að allar umræður í hreppsnefnd skuli skrásettar. Má þá ekkert niður fella, sem fram hefur komið á fundi hreppsnefndar, og handrit af umræðum bera með sér. Engar breytingar má gera nema leiðrétta þurfi auðsæjar og sannanlegar villur.

Hreppsnefnd getur ákveðið að umræður skuli gefnar út á prenti ásamt því sem fært hefur verið í gerðabók, svo og önnur skjöl eftir því sem nauðsynlegt kann að þykja.

Ef hreppsnefnd ákveður slíka útgáfu skal hún jafnframt kjósa nefnd tveggja hreppsnefndarmanna til að hafa umsjón með útgáfunni.

Þá getur hreppsnefnd ákveðið að hreppsnefndarfundir séu teknir á segulband til geymslu einhvern ákveðinn tíma.

Eftir hvern hreppsnefndarfund, þar sem umræður hafa verið skrásettar samkvæmt framanrituðu, skal öllum hreppsnefndarmönnum sent eftirrit af fundargerð ásamt fylgiskjölum hennar.

## III. KAFLI

## Réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna.

## 18. gr.

Hverjum hreppsnefndarmanni er skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögleg forföll hamli.

Honum er skylt að taka að sér störf sem hreppsnefnd felur honum, t. d. oddvitastörf, setur í hreppsráði eða öðrum nefndum o. s. frv.

Sá, sem hefur verið oddviti hreppsnefndar, setið í hreppsráði eða öðrum nefndum getur þó skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

Hreppsnefndarmönnum er skylt að koma trúðmannlega fram á hreppsnefndarfundum, gæta þagnarskyldu um einkamál og hagi einstaklinga og féлага, sem þeir kynnu að fá vitneskju um sem hreppsnefndarmenn.

Þá er þeim skylt að gæta hagsmuna og velferðar hreppsins út á við sem inn á við, eftir sinni bestu getu, vinna og stuðla að friðsamlegri lausn deilumála, sem upp kunna að koma milli hreppsnefndarmanna.

## 19. gr.

Hreppsnefndarmönnum er heimilt að kynna sér bækur, skjöl og bréf hreppsins og stofnana hans.

## 20. gr.

Hver hreppsnefndarmaður á rétt á tiltekinni þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd skv. ákvörðun hennar.

## 21. gr.

Ef hreppsnefndarmaður, kosinn í nefnd og til annarra starfa, forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, á hann rétt á að tilnefna mann af sama lista og hann var kjörinn til, að taka sæti hans á meðan enda hafi vara- maður ekki verið kosinn.

Hafi hann engan tilnefnt fer um varamenn skv. 2. og 3. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 22. gr.

Hreppsnefnd getur veitt hreppsnefndarmanni, sem óskar, lausn frá hreppsnefndarmannsstarfi.

## IV. KAFLI

## Hreppsráð.

## 23. gr.

Á fyrsta fundi hreppsnefndar í júní ár hvert skal kjósa þrjá menn í hreppsráð og þrjá til vara hlutfallskosningu. Kosning hreppsráðs gildir uns nýtt hreppsráð hefur verið kjórið. Sveitarstjóri skal sitja fundi hreppsráðs og stjórna þeim.

Hreppsráð skal halda fundi hálfsmánaðarlega. Fundardaga og fundartíma skal ákveða af hreppsnefnd í upphafi kjörtímabils.

Aukafundi skal halda ef sveitarstjóri ákveður það eða ef hreppsráðsmaður óskar þess.

Hreppsráð getur ráðið fundarritara utan hreppsráðs. Í gerðabók skal greina frá því hvar fundur er haldinn og hvenær, tölu funda, hverjir sitja fundinn og hver sé fundarritari. Þá skal greint frá framlögðum skjölum og efni þeirra í stuttu máli svo og hverja afgreiðslu þau fá.

Listi, sem fulltrúa á í hreppsnefnd en ekki fulltrúa í hreppsráði, má tilnefna hreppsnefndarmann til að sitja fundi hreppsráðs með málfrelsi og tillögurétti.

## 24. gr.

Hreppsráð fer ásamt sveitarstjóra með framkvæmdarstjórn Patrekshrepps að því leyti sem hún er ekki öðrum fengin skv. lögum, reglugerðum eða sérstökum samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsráð skal gera tillögur til hreppsnefndar í þeim málum, sem fyrir hreppsráði kunna að liggja.

Hreppsráð getur þó tekið lokaafgreiðslu í þeim málum, sem hreppsnefnd hefur vísað til þess til fullnaðarafgreiðslu, enda feli það ekki í sér fjárhagslegar skuldbindingar fyrir sveitarsjóð.

## 25. gr.

Hreppsráð hefur eftirlit með stjórnun og fjármálum hreppsins og undirbúningi fjárhagsáætlana, lætur gera tillögur til úrskurðar á reikningum hreppsins, lætur semja skýrslu um eignir og skuldir hreppsins, og hefur eftirlit með bókhaldi hans og innheimtu gjalda.

Hreppsráð hefur umsjón með gatnagerð hreppsins, holræsum, vatnsveitu, barnaleikvelli, dagheimili, áhaldahúsi, svo og öðrum eignum, allt eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar og reglugerðum þar að lútandi.

Í þeim tilvikum, að sérstökum nefndum hreppsnefndar er falið að hafa með höndum fyrrgreinda málaflokka, skal hreppsráð fjalla um fjárhagshlið málanna.

Hreppsráð leggur til við hreppsnefnd hvernig varið skuli fé til verklegra framkvæmda að því leyti sem slíkt er ekki tekið fram í fjárhagsáætlun.

## 26. gr.

Skýlt er starfsmönnum hreppsins að sitja fundi hreppsráðs, ef það eða sveitarstjóri óskar þess þegar til umræðu eru þau málefni, sem störf þeirra snerta.

## V. KAFLI

## Um sveitarstjóra.

## 27. gr.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra. Ráðningartími hans skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtímabil hreppsnefndar. Heimilt er þó að ráða sveitarstjóra til lengri tíma.

Ráðningarsamningur er þó uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara. Á ráðningarkjörtímabilinu þarf uppsögn ráðningarsamnings tvær umræður í hreppsnefnd. Líða skulu minnst 24 klst. milli umræðna.

Nú næst ekki meirihluti í hreppsnefnd fyrir ráðningu sveitarstjóra, svo og að sveitarstjóri er í andstöðu við meirihluta hreppsnefndar, getur ráðherra ákveðið að hreppsnefndarkosningar skuli fara fram á ný.

#### 28. gr.

Sveitarstjóri hefur framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir, og framkvæmd á málefnum hreppsins yfirleitt að því leyti, sem hreppsnefnd hefur ekki ákveðið annað um tiltekið mál.

Skylt er sveitarstjóra að hafa ákveðinn daglegan viðtalstíma og sé hann auglýstur á skrifstofu hreppsins.

#### 29. gr.

Sveitastjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hreppsráðs, og hefur þar sömu réttindi og skyldur sem hreppsnefndarmenn, nema annað sé sérstaklega tekið fram í þessari samþykkt. Hann á einnig sæti í fastanefndum.

Ekki hefur hann atkvæðisrétt í hreppsnefnd, hreppsráði eða fastanefndum nema hann sé til þess kjörinn.

Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum hreppsnefndar, hreppsráðs og nefnda.

#### 30. gr.

Nú samþykkir hreppsnefnd ályktun, sem hefur verulegan kostnað í för með sér sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í gildandi fjárhagsáætlun, og getur sveitarstjóri fellt slíka ályktun úr gildi um sinn og skal þessi ákvörðun færð í gerðabókina.

Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda ráðuneytinu skýrslu og leggur það úrskurð á málið. Sveitarstjóri skal senda hreppsnefnd afrit af skýrslunni svo hún geti gert athugasemdir við hana áður en hún fer til ráðuneytisins.

#### 31. gr.

Útgjöld, sem ekki eru lögbundin, samningsbundin eða leiða af fyrri samþykkt hreppsnefndar má ekki greiða nema til komi samþykkt hreppsnefndar.

Ekkert gjald má greiða úr hreppssjóði nema sveitarstjóri ávísí því til greiðslu eða einhver sá, sem fengið hefur umboð hreppsráðs til slíks.

#### 32. gr.

Sveitarstjóra er heimilt í samráði við hreppsráð að fela öðrum að gegna störfum sínum um skemmri tíma.

Stundur sú ákvörðun óhöggud nema hreppsráð ákveði aðra tilhögun. Ef um lengri forföll en tvo mánuði er að ræða skal hreppsnefnd setja mann til að gegna starfi hans.

## VI. KAFLI

### Endurskoðendur.

#### 33. gr.

Hreppsnefnd kýs endurskoðendur til eins árs í senn til að endurskoða reikninga hreppsins og fyrirtækja hans.

Hreppsnefndarmenn eru ekki kjörgengir til endurskoðunarstarfa.

Um framkvæmd endurskoðunar fer eftir ákvæðum d-liðar 3. kafla laga nr. 58/1961.

Lokið skal endurskoðun eigi síðar en 31. mars ár hvert.

Kjörnir endurskoðendur eiga rétt á þóknun fyrir starf sitt eftir ákvörðun hreppnefndar.

#### 34. gr.

Hreppsráði er heimilt að fela löggiltum endurskoðanda endurskoðun reikninga hreppsins og fyrirtækja hans sbr. 25. gr. Senda skal hann hreppsráði skýrslu um niðurstöður sínar áður en hreppsráð gerir tillögu um afgreiðslu ársreikninga til hreppnefndar.

### VII. KAFLI

#### Nefndir.

#### 35. gr.

Hreppnefnd kýs hlutfallskosningu eftirtaldar nefndir og starfsmenn, til að fara með tiltekin mál eftir því sem lög mæla fyrir og samkvæmt sérstakri samþykkt hreppnefndar:

Til eins árs, í júní ár hvert:

Þrjú menn í hreppsráð og þrjú til vara.

Tvo endurskoðendur hreppsreikninga og tvo til vara.

Til tveggja ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum og svo á miðju kjör- tímabili:

Fulltrúa á þing Fjórðungssambands Vestfirðinga samkvæmt samþykkt sam- takanna.

Til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

Þrjú menn í framtalsnefnd og þrjú til vara.

Fimm menn í hafnarnefnd og fimm til vara.

Þrjú menn í orku- og vatnsveitunefnd og þrjú til vara.

Fimm menn í bygginganefnd og fimm til vara.

Fimm menn í skólanefnd grunnskóla og fimm til vara.

Tvo menn í iðnskólanefnd og tvo til vara.

Þrjú menn í stjórn Héraðsbókasafns Vestur-Barðastrandarsýslu og þrjú til vara.

Þrjú menn í brunamálanefnd og þrjú til vara.

Þrjú menn í heilbrigðisnefnd og þrjú til vara.

Tvo menn í áfengisvarnarnefnd og tvo til vara.

Tvo menn í sáttanefnd og tvo til vara.

Þrjú menn í barnaverndarnefnd og þrjú til vara.

Sjö menn í atvinnumálanefnd og sjö til vara.

Fimm menn í æskulýðsnefnd og fimm til vara.

Þrjú menn í fjallskilanefnd og þrjú til vara.

Tvo forðagæslumenn og tvo til vara.

Einn fulltrúa á aðalfund Gestis hf. og einn til vara.

Einn fulltrúa á aðalfund Hraðfrystihúss Patreksfjarðar hf. og einn til vara.

Einn fulltrúa á aðalfund ÁTAKS S.T.Á. og einn til vara.

Einn fulltrúa á aðalfund Hafnarsambands sveitarfélaga og einn til vara.

Einn fulltrúa á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga og einn til vara.

Þrjú fulltrúa í stjórn eigendafélags Félagsheimilis Patreksfjarðar og þrjú til vara.



Þrjá menn í framkvæmdanefnd leiguibúða og þrjá til vara.  
Þrjá menn í stjórn málefna aldraðra og þrjá til vara.  
Einn fulltrúa í umferðamálanefnd og einn til vara.

### 36. gr.

Um skipan nefnda, valdsvið þeirra og verksvið fer eftir því, sem ákveðið er í lögum eða samþykktum hreppsnefndar. Þar sem ekki er um slíkar reglugerðir að ræða getur hreppsnefnd sett þær.

Ekki má framselja slíkri nefnd vald, sem hreppsnefnd er fengið að lögum.

Þegar kjörtími nefndar er óákveðinn skal litið svo á að umboð nefndarmanna falli niður þegar kjörtímabil hreppsnefndar er á enda nema um sé að ræða nefnd, sem fengið hefur til úrlausnar ákveðið og afmarkað verkefni. Þá skal litið svo á að starfi hennar ljúki fyrst er verkefnið er til lykta leitt.

### 37. gr.

Allar nefndir hreppsnefndar skulu færa gerðabækur um störf sín og skulu gerðir fastanefnda og nefnda, sem hreppsnefnd setur í sérstök mál, lagðar fyrir hreppsnefnd til meðferðar og endanlegrar samþykktar eða synjunar.

## VIII. KAFLI

### Um starfsmenn hreppsnefndar.

### 38. gr.

Hreppsnefnd skipar fasta starfsmenn hreppsins og veitir þeim lausn eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerð um sérmál tiltekinna stofnana.

Hreppsnefnd getur falið hreppsráði og forstöðumönnum hreppsstofnana, að ráða í ákveðnar stöður.

Fastar stöður skulu að jafnaði vera auglýstar til umsóknar en heimilt er þó hreppsnefnd (hreppsráði) að skipa í stöður án slíkrar auglýsingar. Hreppsnefnd (eða hreppsráð) getur ákveðið hver almenn skilyrði skulu gilda um skipan í stöður hjá hreppnum svo og sérskilyrði er gilda skuli um ákveðnar stöður.

Um réttindi og skyldur starfsmanna hreppsnefndar gilda ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eftir því sem við getur átt, nema annað sé sérstaklega ákveðið í samþykktum hreppsnefndar.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Patrekshrepps, Vestur-Barðastrandarsýslu, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. maí 1979.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.*